



Nefnda- og greiningarsvið Alþingis

Reykjavík, 11. apríl 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 136/2013 (821. mál).

Orkuveita Reykjavíkur og Háskóli Íslands hafa um árabíl átt árangursríkt og farsælt samstarf um rannsóknir og þróun á aðferðum og tækni til niðurdælingar og bindingar koldíoxíðs (CO₂) í basalti innan Carbfix-verkefnisins. Verkefnið var stofnað árið 2007 og gegndi Orkuveita Reykjavíkur hlutverki verkefnisstjóra frá upphafi auk þess að leiða hönnun, þróun og uppbyggingu tæknibúnaðar og innviða til kolefnisförgunar. Háskóli Íslands leiddi að sama skapi vísindaráð verkefnisins auk þess að sinna mikilvægum rannsóknum m.a. á örlögum CO₂ í kjölfar niðurdælingar í berg bæði á rannsóknarstofum og á niðurdælingarsvæðum Orkuveitu Reykjavíkur. Síðla árs 2019 stofnaði Orkuveita Reykjavíkur dótturfélag, Carbfix ohf., um þá starfsemi sem sneri að niðurdælingu og bindingu eða geymslu koldíoxíðs í jörðu. Félagið hóf starfsemi 1. janúar 2020 en tilgangur þess er fyrst og fremst að hraða notkun Carbfix-aðferðarinnar í heimi sem þarf á lausnum að halda til að vinna bug á loftslagsvánni. Háskóli Íslands á hlut í Carbfix ohf. og er einn af eigendum þess einkaleyfis sem Carbfix ohf. nýtir í starfsemi sinni.

Háskóli Íslands styður frumvarpið og telur mikilvægt að Orkuveita Reykjavíkur hafi skýra heimild til að eiga dótturfélög og hlut í félögum sem tengjast geymslu koldíoxíðs og annarra vatnsleysanlegra efna en slík heimild gerir það að verkum að unnt sé að vinna að hagnýtingu tækninnar til góðs fyrir samfélagið.

Virðingarfyllst,


Jón Atli Benediktsson, rektor

Reykjavík, 23. apríl 2023
/es

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is

Efni: Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um Orkuveitu Reykjavíkur (starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélaga), 821. mál.

Orkuveitu Reykjavíkur hefur borist erindi nefndasviðs Alþingis, dags. 31. mars 2023, þar sem ofangreint frumvarp er sent fyrirtækinu til umsagnar.

Eins og fram kemur í inngangi að greinargerð með frumvarpinu er markmið þess að tryggja skýra lagaheimild Orkuveitu Reykjavíkur til að eiga hlut í félögum sem tengjast geymslu koldíoxíðs og annarra vatnsleysanlegra gastegunda í jörðu.

Orkuveita Reykjavíkur fagnar frumvarpinu og leggur ríka áherslu á að það verði afgreitt á yfirstandandi þingi til að tryggja skýra lagaheimild fyrir starfsemi Carbfix og nýtingu samnefndar tækni, sem mun nýtast Íslandi og alþjóðasamfélaginu í baráttunni gegn loftslagsvánni. Afar mikilvægt er að í gæta þess að ekki séu lagatæknilegar hindranir á vegferð baráttunnar gegn loftslagsvánni og lítur Orkuveita Reykjavíkur svo á að með samþykkt frumvarpsins verði betur tryggt að svo sé ekki.

Orkuveita Reykjavíkur ítrekar mikilvægi þess að frumvarpið verði afgreitt á yfirstandandi þingi og óskar þess fá tækifæri til að koma fund atvinnuveganefndar og skýra málið frekar.

Virðingarfyllt,



Elín Smáradóttir
yfirlögfræðingur Orkuveitu Reykjavíkur